



FDK
Félag dönskukennara

Fréttabréf nóvember 2012

## Kæru dönskukennarar

Eins og við sögðum frá í síðasta fréttabréfi breyttum við facbook síðunni okkar í hóp. Þetta var greinilega rétt ákvörðun því það sýnir sig að félagsmenn eru miklu duglegri að skiptast á skoðununum núna. Við viljum hvetja ykkur sem ekki eruð komin inn í hópinn til að skrá ykkur sem fyrst. Því fleiri dönskukennarar sem eru í hópnum því líflegri verður umræðan.





## Julefrokost

Hinn árlegi julefrokost verður haldinn á Lækjarbrekku/Litlu brekku, laugar-daginn **24. nóvember** og hefst klukkan 12:00. Að venju er verðinu haldið í lágmarki og kostar því aðeins **3800 kr.** fyrir félagsmenn og 4800 kr. fyrir aðra en félagsmenn. Skemmtiatriði og happ-drættið verða á sínum stað.

Skráning **fyrir 19. nóvember** hjá: Hildur.Hauksdottir@mk.is

Vonumst til að sjá sem flesta í jólaskapi.

## Andlát

Félagið vill minnast Kristínar Kaaber. Hún var fyrrverandi dönskukennari í MR og lést í síðasta mánuði. Við vottum Kristínu virðingu okkar.

## Norræna bókasafnið

Norræna bókasafnavikan er 12.-18. nóvember næst-komandi. Inni á heimasíðu bókasafnavikunnar eru textar sem hafa verið valdir sérstaklega fyrir þessa viku með ýmsa aldurshópa í huga http://bibliotek.org/da/ Vonandi getið þið notað hugmyndir og þema vikunnar í dönskukennslu eða á skólabókasöfnum.

Þemað ,,Margbreytileiki / fjölbreytni í norðri" býður líka upp á alls konar hugmyndir t.d. samræður um það hvernig það er að vera nýbúi í ókunnu landi, að vera nemandi í ókunnu landi, eða hvað fjölbreytni í samfélögum víkkar sjóndeildahring íbúa. Lestur er alltaf undirstaðan og tungumálið.

Að sjálfsögðu eru nemendur í dönsku alltaf velkomnir í heimsókn í bókasafn Norræna hússins með kennurum sínum eða einir og sér.

## Norrænt efni

### *Leg med sprog*

Ny hjemmeside får elever til at lege med norsk, svensk og dansk. Det behøver ikke være kedeligt at arbejde med nabosprogene svensk og norsk på mellemtrinnet i grundskolen. Læs mere →

### *Norden i Bio*

Här kan du se norska och danska kortfilmer för elever mellan 10 och 19 år. Filmerna är mellan 5 och 14 minuter långa och kan ses utan textning, med textning på originalspråket eller på svenska. Læs mere →



## Krækjur

**ordnet.dk** : Vefur Det danske litteratur- og sprogselskab með orðabókunum:
**Den Danske Ordbog**: Ordbogen dækker moderne dansk fra ca. 1950 og opdateres løbende.
**www.sproget.dk**: svar på spørgsmål om grammatik, stavning, sprogpolitik m.m. Du kan teste dine sprogkundskaber, lege med sproget og meget mere.

**Munið félagsgjöldin**

## Með kveðju. Stjórnin

Ábyrgðarmaður: Erna Jessen
ernajes@hi.is